

Ingvar Karl Ingason
Hnoðravellir 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 15. maí 2024
UST202405-109/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir drónflugi á Hornströndum

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Ingvars Karls Ingasonar, dagsett 10. maí 2024, um leyfi til drónaflugs innan Hornstranda.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. [auglýsing nr. 332/1985](#). Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka og ljósmyndun sem getur haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir drónaflugi yfir Sjávarhúsi á Látrum innan Hornstrandarfriðlandsins. Flugið yrði í 10-15 metra hæð yfir þaki húsin til að meta viðhaldspörf. Drónaflugið færi fram 17. -20. maí 2024.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins. Á þeim tíma sem flugið færi fram væru fáir á ferði nema heimafólk og verkefnið því ekki líklegt til að valda truflunum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Ingvari Karli Ingasyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan Hornstranda sbr. lýsingu hér að ofan 17.-20. maí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir drónafluginu/kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra eins og hægt er.

- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum þ.m.t. fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónan á loft.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Edda Kristín Eiríksdóttir
svæðissérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur